

Sp.

350. Fyrirspurnir.

[178. mál]

I. Til fjármálaráðherra um skattfrjáls framlög í varasjóði.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hve háa fjárhæð hafa fyrirtæki fengið dregna frá tekjum við álagningu skatta vegna ráðstöfunar hluta tekjuafgangs í varasjóði s. l. 7 ár?

II. Til landbúnaðarráðherra um hitaveitu á Hólastað og í nágrannasveitarfélögum.

Frá Páli Péturssyni.

Er ekki hæstvirtur landbúnaðarráðherra fús til þess að beita sér fyrir því að gerð verði könnun á því, hvort ekki sé á Reykjum í Hjaltadal nægur jarðhiti til þess að ráðlegt sé að koma upp hitaveitu fyrir skólasetrið á Hólum, enda náist samkomulag um undirbúning að gerð hitaveitu þessarar við eigna Reykja og við Hólahrepp og ef til vill Hofshrepp og Hofsós?